



HÁSKÓLI ÍSLANDS

BA-ritgerð
í íslensku sem öðru máli

Gefðu íslensku rými
Hafa útlendingar svigrúm til að læra íslensku?

Thibault Sallé

Leiðbeinandi: María Anna Garðarsdóttir
September 2024

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

Gefðu íslensku rými
Hafa útlendingar svigrúm til að læra íslensku?

Thibault Sallé

Lokaverkefni til BA-prófs í íslensku sem öðru máli
Leiðbeinandi: María Anna Garðarsdóttir, aðjunkt

Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasvið Háskóla Íslands
September 2024

Gefðu íslensku rými – Hafa útlendingar svigrúm til að læra íslensku?

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Thibault Sallé, 2024

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Þessi ritgerð snýst um varðveislu íslenskunnar, áhrif útlendinganna á hana og hvort íslensk málstefna geri nóg fyrir útlendinga til að læra íslensku eða ekki. Málefni um varðveislu íslenskunnar og betri aðlögun innflytjenda að tungunni með bættri íslenskukennslu hafa verið mikið til umræðu í fjölmiðlum og í samfélaginu undanfarin ár en samt er allt of lítið gert til að hjálpa innflytjendum að tala, lesa og skrifa íslensku. Að læra nýtt tungumál er ekki bara spurning um að lifa af, það er meira að segja ekki bara tæki til að hafa samskipti, tungumál endurspeglar sjálfsmynd þess sem talar. Það er langt og oft erfitt ferðalag sem hefur gríðarleg áhrif á og breytir sjálfsmynd málnemans og ætti að gerast með stuðningi innfæddra.

Til viðbótar þessu má spyrja af hverju það sé mikilvægt fyrir útlendinga að læra íslensku? Væri ekki auðveldara að komast bara af með ensku? Þvert á móti, ef íslenska er tungumál sem vert er að varðveita, að minnsta kosti í þágu íslensku þjóðarinnar, gæti þá kennsla útlendinga ekki verið ein leiðin til þess?

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er fjallað um hvata í tileinkun annars máls og áhrif ensku á ferli hvatatengds tungumálanáms í íslensku málsamfélagi. Annar hluti ritgerðarinnar snýst um enskunotkun á Íslandi, og muninn á milli ílags og frálags í enskukunnáttu Íslendinga. Síðast en ekki síst er fjallað um breytingu á tungumálavistfræði (e. linguistic ecology) Íslands og sjálfsmyndarbreytingar í þriðja hluta.

Abstract

This essay is about the preservation of the Icelandic language, how foreigners influence it, and whether language policy is well enough developed in Iceland for foreigners to learn Icelandic. Issues regarding the preservation of the Icelandic language; and better adaptation of immigrants to the language through improved Icelandic teaching; have been much discussed in the media and in society in recent years, but too little is being done to help immigrants in this endeavour. Learning a new language is not just a matter of survival, not only a tool for communicating, but affects the identity of the speaker. It is a long and often difficult journey that has a tremendous impact on the language learner, changes his or her identity, and should optimally take place with the support of the receiving society. In addition to this, one can ask why it is important for foreigners to learn Icelandic.

Wouldn't it be easier to just get by with English? On the contrary, if Icelandic is a language worth preserving, at least for the benefit of the Icelandic people, could teaching foreigners not be one of the ways to preserve it?

The first part of the essay discusses motivation in the field of second language acquisition and the influence of English on the process, in the context of the Icelandic language community. The second part of the essay is about the use of English in Iceland, and the discrepancy between input and output of Icelanders' use of English. The third part treats upon changes in linguistic ecology and identity change in Iceland.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	7
2. Hvati í tileinkun annars máls og áhrif ensku	10
2.1 Í hvaða samhengi lærir fólk íslensku sem annað tungumál?	10
2.2 Er íslenska erlent mál á Íslandi?	12
2.3 Samfelli á milli málnema og innfæddra.....	14
Samantekt kaflans	16
3. Enskunotkun á Íslandi	17
3.1 Málstýring á Íslandi.....	17
3.2 Ofmat á enskufærni Íslendinga	19
3.3 Verður næsta kynslóð tvítyngd?.....	21
Samantekt kaflans	24
4. Sjálfsmynd.....	25
4.1 Þjóðernishyggja	26
4.2 Enskumælandi alþjóðasamfélag.....	28
4.3 Að læra nýtt tungumál er að einhverju leyti eins og að verða barn aftur	29
4.4 Fjárfesting og sjálfsmyndarbreyting.....	31
Samantekt kaflans	33
Lokaorð.....	35
Heimildaskrá	38

1. Inngangur

Að vera hluti af einhverju sem er stærra en maður sjálfur, að gera málamiðlanir, ekki endilega af fúsum vilja, og að varðveita sjálfsmynd sína um leið, eins og hefur verið raunin í gegnum aldirnar á Íslandi; það mætti í raun og veru skilgreina sem andspyrnuverk.

Allt frá landnámi (870-874) er saga Íslands full af atburðum þar sem Íslendingar þurftu að takast á við sterkari völd. Til dæmis, kristnitakan í kringum áramótin 1000, samþykki fullveldis Noregs, undirritun Gissurarsáttmálans (1262–1264) og Gamla sáttmálans (1302) sem síðan leiddi til nýlendustjórnar Danmerkur yfir Íslandi í kringum 1380 fram að sjálfstæði (1944). Auk þess má nefna innrás Breta á Íslandi 10. maí 1940 og hinn umdeilda herstöðvarsamning við Bandaríkjamenn árið 1941, rétt fyrir stofnun lýðveldisins. Málamiðlanir, bara til að lifa af kúgandi vald stærri landa, voru nauðsynlegar fyrir litlu eyjuna.

Hins vegar er almennt viðurkennt að hernám Breta og Bandaríkjamanna í seinna stríðinu og í kalda stríðinu hafi haft jákvæð áhrif. Með innspýtingu peninga í hagkerfið hjálpaði það til við uppbyggingu vinnuaflds, innviða, og síðast og ekki síst, auðgaði hún landið menningarlega. Enska er þá tungumálið sem fylgdi Bretum og Bandaríkjamönnum og hafði einnig mikil áhrif á Íslandi. Með orðum Birnu Arnbjörnsdóttur (2018, bls. 45): „Clearly English plays a highly significant role in the linguistic repertoire of modern Icelanders.“ Í dag má velja því fyrir sér hvernig enskunotkun í landinu breytir sjálfsmynd Íslendinga, að því marki að samfélagið gæti orðið tvítyngt og þar sem íslenska á erfitt með að viðhalda stöðu sinni sem móðurmál. Frá sjálfstæði sínu hefur Ísland líka sýnt mikinn áhuga á því að vera hluti af heiminum og vera virkt innan alþjóðasamfélagsins. Á sama tíma hefur Ísland, sem ung þjóð, einnig sýnt sterkan vilja til að vera sjálfstætt og þróa sína eigin sjálfsmynd.

Frá sjónarhóli mál nema sem læra íslensku má hins vegar velja því fyrir sér hvort áhrif ensku kunnir að vera of mikil og hvort það sé þess virði að fjárfesta í henni. Málnemarnir sem við erum að tala um í þessari ritgerð, eru útlendingar sem staddir eru á Íslandi og geta tjáð sig á ensku. Þá er mikilvægt að skilja betur málsamhengi þeirra sem tala ensku sem alþjóðlegt tungumál og hvernig færni í alþjóðlegri ensku hefur áhrif á aðgengi að íslenskum málsamfélögum. Í fyrsta lagi vegna þess að enska málsamfélagið, sem inniheldur Íslendinga í

meirihluta, er sterkari á Íslandi en í öðrum löndum og til staðar á öllum sviðum íslensks samfélags; í öðru lagi, þegar við tölum um háskólanema, vegna þess að til þess að hefja nám í íslensku sem öðru máli á hagnýtri braut í háskólanum þurfa málnemar að geta talað ensku (þurfa að sýna fram á góða færni í ensku, 6,5 á IELTS-prófi eða 79 stig á TOEFL-prófi); og síðast en ekki síst, af því að mikilvægt er að skilja betur fjöltyngt samhengi á Íslandi sem er að breytast.

Bókmenntir, sögur, ljóð og einnig þjóðsögur og ævintýri hafa löngum verið uppáhalds tjáningarmáti Íslendinga og til að halda utan um sjálfsmynd sína og tungumál í gegnum tíðina. Varðveisla íslensks máls er mikilvæg fyrir Íslendinga og það að heiðra (e. to celebrate) tungu þjóðarinnar er leið fyrir Íslendinga til að stuðla (e. promote) að sjálfstæði sínu. Samkvæmt *Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* (2022) var dagur íslenskrar tungu fyrst haldinn hátíðlegur árið 1996. “Á degi íslenskrar tungu eru jafnan veitt Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslensku.” Fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, varð fyrir valinu til að veita viðurkenningu fyrir notkun þjóðartungunnar til handa Íslendingum sem tala, lesa og skrifa íslensku. Hins vegar mætti líka beina sjónum að þeim hópi sem notar íslensku sem annað mál eða vill gera það, þ.e.a.s. útlendingum, og efla menntun þess fólks svo það geti verið virkt í í samfélaginu. Með öðrum orðum, miðað við nýlega fjölgun flóttafólks, innflytjenda og ferðamanna á íslensku yfirráðasvæði er ekki ljóst að Íslendingar hafi í alvöru íhugað að þeir gætu þurft að kynna tungumál sitt fyrir fólki sem hefur það ekki að móðurmáli. Ísland er ekki land sem hefur langa sögulega reynslu af innflytjendamálum og er þar af leiðandi ekki mjög vant þeirri hugmynd að kenna útlendingum tungumál sitt. Með öðrum orðum, að heiðra tungumál sitt fyrir þá sem þekkja það sem móðurmál er ekki það sama og að kynna tungumál fyrir þeim sem kunna það ekki eða sem kunna það sem annað tungumál.

Til þess að skilja betur hvers vegna Íslendingar ættu að fara þá leið að kynna tungumál sitt fyrir útlendingum og skapa skilvirkara menntakerfi sem tryggir öllum tækifæri til að læra íslensku sem annað mál, ættum við fyrst að spyrja, hvers vegna er það í þágu íslensku þjóðarinnar að tala íslensku við útlendinga. Það er ljóst að varðveisla tungumálsins er mikilvæg fyrir Íslendinga og að formstýring íslenskrar tungu er sterk, jafnvel íhaldssöm. Hins vegar stendur litla þjóðin með 380.000 íbúa frammi fyrir áskorunum og efasemdum um stöðu íslensku í framtíðinni, sérstaklega hjá fólki sem tjáir sig á ensku í daglegu lífi. Íslenskan kemur úr norrænu og hefur lítið breyst frá tímum víkinga. Þar af leiðandi er ennþá auðvelt að

skilja gömlu handritin sem skrifuð voru flest á 13. öld sem er beinn aðgangur að íslenskri sögu, uppruna og sjálfsmynd. Hins vegar virðist formstýring, eða það að vilja stjórna íslensku í sínu hefðbundna formi ekki hjálpa til við notkun þess í daglegu lífi nútímafólks sem býr á Íslandi; afleiðingin virðist vera sú að enskan sé smám saman að taka sæti íslensku innan landamæra íslensks málsvæðis. Ari Páll Kristinsson bendir einmitt á þessa stöðu íslenskunnar í bók sinni Málheimar (2017, bls. 39-40): “Í ljósi gjörbreyttrar tækni og hnattrænna samskipta, þar sem enska er lykiltungumálið í öllum meginatriðum verður að taka þá alvarlega sem spá því að staða tungumála á borð við íslensku gæti versnað stórlega á stuttum tíma.“

Þessi ritgerð snýst sem sagt um að varðveita tungumálið, áhrif útlendinganna á það og hvort íslensk málstefna geri nóg fyrir útlendinga til að læra íslensku eða ekki. Málefni um varðveislu íslenskunnar og betri aðlögun innflytjenda að tungunni með bættri íslenskukennslu hafa verið mikið til umræðu í fjölmiðlum og í samfélaginu undanfarin ár en samt er allt of lítið gert til að hjálpa innflytjendum að tala, lesa og skrifa íslensku. Að læra nýtt tungumál er ekki bara spurning um að lifa af, það er meira að segja ekki bara tæki til að hafa samskipti, tungumál endurspeglar sjálfsmynd þess sem talar. Það er langt og oft erfitt ferðalag sem hefur gríðarleg áhrif á og breytir málnefnum og ætti að gerast með stuðningi innfæddra. Sem útlendingur sjálfur hef ég áhuga á að spyrja hvers vegna það sé svona erfitt fyrir marga (þar á meðal mig) að læra og æfa íslensku. Til viðbótar þessu má spyrja af hverju það sé mikilvægt fyrir útlendinga að læra íslensku? Væri ekki auðveldara að komast bara af með ensku? Þvert á móti, ef íslenska er tungumál sem vert er að varðveita, að minnsta kosti í þágu íslensku þjóðarinnar, gæti þá kennsla útlendinga ekki verið ein leiðin til þess?

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er fjallað um hvata í tileinkun annars máls og áhrif ensku á ferli hvatatengds tungumálanáms í íslensku málsamfélagi. Annar hluti ritgerðarinnar snýst um enskunotkun á Íslandi, og muninn á milli ílags og frálags í enskukunnáttu Íslendinga. Síðast en ekki síst er fjallað um breytingu á tungumálavistfræði (e. linguistic ecology) Íslands og sjálfsmyndarbreytingar í tungumálanámi í þriðja hluta.

2. Hvati í tileinkun annars máls og áhrif ensku

2.1 Í hvaða samhengi lærir fólk íslensku sem annað tungumál?

Oddný G. Sverrisdóttir (2007, bls. 139) fjallar um í fræðigrein sinni, *Um mikilvægi hvatatengds tungumálanáms*, “hvernig stýra megi nemendum að því markmiði að læra tungumál af eigin hvötum, hvernig nýta megi hvatann og jákvætt viðhorf eða hvernig vekja megi jákvætt viðhorf til tungumálsins og viðhalda því.” Það sem skiptir máli á Íslandi er raunar það að viðhalda áhuga og hvata málnema til að læra íslensku. Einmitt með fjölgun nemenda sem stunda nám í hagnýtu námi, námskeiðum í boði Háskóla Íslands, má segja að ekki vanti áhuga nýnema á að læra íslensku.

Ísland hefur, á síðustu áratugum, vakið mikinn alþjóðlegan áhuga og það hefur verið unnið mikið í því að efla þennan áhuga. Til dæmis hvernig það náði sér eftir kreppuna 2008, vegna eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010, á heimsmeistaramótinu í fótbolta árið 2018 þar sem Ísland komst í úrslit, á þátttöku sinni í að flýta fyrir grænum umskiptum og í seinni tíð vegna eldgosa á Reykjanesi. Á alþjóðavettvangi hafa Íslendingar það orðspor að breyta vandamálum í tækifæri og skapa sannarlega mikinn áhuga; hvers vegna ekki tungumálinu? Það er oft sagt að íslenska sé rosalega erfitt tungumál, en það gæti verið ástæðan fyrir því að málnemar viðhalda ekki áhugahvöt sinni (e. *motivation*) að læra íslensku og halda ekki jákvæðu viðhorfi til hennar. Þetta er hins vegar ekki afstaða íslenska málfræðingsins Eiríks Rögnvaldssonar sem útskýrir fyrir Noemi Ehrat í viðtali (2018) að það sé ekki erfiðara læra íslensku en að læra annað tungumál, heldur virðist áskorun útlendinga fremur liggja í því samhengi sem íslenskan er notuð í. Til dæmis nefnir hann þá venju sem Íslendingar hafa að skipta yfir í ensku þegar þeir tala við útlendinga eða óþolinmæði þeirra þegar þeir standa frammi fyrir erlendum hreim. Eins og kemur í ljós í þessari ritgerð hefur málvísindalegt samhengi (e. *linguistic context*), sem tungumál er lært í og kennt, mikil áhrif á hvata málnemans. Málvísindalegt samhengi er, með öðrum orðum, partur af því sem drífur nemandann áfram.

Á síðustu áratugum hefur rannsóknasviðið sem tengist hvata orðið mikilvægara og viðurkennt. Oddný G. Sverrisdóttir segir “mikilvægt að gera sér grein fyrir því að hvatinn getur virkað sem mikill drifkraftur og gert tungumálanámið auðveldara, skilvirkara og skemmtilegra en ella” (2007, bls 138). Á hinn bóginn útskýrir hún að hvati getur skemmt:

“hvata eða áhuga sem unnt er að vekja hjá hverjum og einum nemanda er – því miður – einnig unnt að drepa niður eða slökkva (bls. 139).

Þá er hvati það orð sem við notum í tungumálinu þegar einhver finnur drifkraft sinn, þegar fólk finnur orku til að læra eitthvað nýtt. Þar að auki verða kennarar og íslenska þjóðfélagið í heild að finna leið til að spilla ekki upphafshvata. Gardner og Lambert voru árið 1959 fyrstu viðurkenndu rannsakendurnir sem einbeittu sér að efni hvata. Þeir eru, samkvæmt Ali H. Al-Hoorie og Peter D. MacIntyre (2020, bls. 13), vísindamennirnir sem marka upphaf nútíma vísindarannsókna á hvata í tileinkun annars máls (e. Second Language Acquisition; SLA) með fræðigreini sinni „Motivational Variables in Second Language Acquisition“ sem kom út árið 1959. Gardner skilgreindi hugtökin *integrative* og *instrumental orientation* á eftirfarandi hátt:

Integrative orientation: „which was characterized by a strong drive to learn the language, favorable attitudes towards the language group, and an expressed desire to learn more about the language group and meet more of its members (referred to as an integrative orientation)“ (Gardner 1960, bls. 10).

Instrumental orientation: „individuels seeking to learn a language for [...] reasons, such as for school credits, job opportunities, etc.[...] This contrasting orientation will be referred to as "instrumental" in that the student's primary aim in studying the language appears to be an interest in acquiring sufficient knowledge of the language for its instrumental value in goal attainment but to retain or improve his membership position in his "old" reference group (Gardner, 1960, bls. 12-13).

Aðlögunartengdur hvati (e. integrative orientation) segir Gardner vera sá drifkraftur sem fólk hefur þegar það vill vera hluti af tungumálahópnum, sem sagt, samfélaginu eða landinu þar sem tungumálið er talað. Verktengdur hvati (e. instrumental orientation) þýðir í fáeinum orðum, að málneminn er knúinn áfram af verðlaunum, t.d. skólaeiningum, atvinnulaunum, o.s.frv. Gardner stundaði rannsóknir sínar með því að læra frönsku sem annað mál í Kanada, þar sem bæði franska og enska eru opinber tungumál landsins. Málnemar sem eru að tileinka sér frönsku hafa aðgengi að tungumálinu vegna þess að þeir eru í málsamfélaginu þar sem fólk notar þetta tungumál. Að vera með í málsamfélaginu og kynnast fleiri meðlimum þess er sterk ástæða til að kveikja hvata og að hafa aðgengi að málsamfélaginu hefur meiri áhrif á langtíma hvata. Á hinn bóginn bendir Gardner á að verðlaunin, verktengds hvata (e.

instrumental orientation), hafi minni áhrif á langtíma hvata: „individuals seeking to learn a language for [...] reasons, such as for school credits, job opportunities, etc., will not manifest and maintain as high a degree of motivation over extended periods of language study.“

2.2 Er íslenska erlent mál á Íslandi?

Samhengi og aðgengi að málsamfélaginu voru líka ástæður fyrir því að kenning Gardners var gagnrýnd (Oddný G. Sverrisdóttir, 2007, bls. 141). Þessi gagnrýni kom örugglega frá kennurum sem voru með nemendur sem höfðu ekki aðgengi að málsamfélaginu og þetta sýnir líka að samhengið sem tungumál er lært í, og aðgengi að tungumálinu, skipta máli. Með öðrum orðum, hvernig sköpum við hvata til tungumálanáms? Til að byrja með, með því að veita málnefum aðgengi að málsamfélaginu, vegna þess að tungumál er nauðsynlegt til samskipta milli fólks.

Crookes og Schmidts (1991) og Dörnyei (1994a, 1994b) útskýrðu (eins og vísað er til í Oddný G. Sverrisdóttir, 2007, bls 141) á áttunda og níunda áratugnum muninn á að læra tungumál sem annað tungumál (þegar landfræðileg landamæri eru þau sömu og notkunarvið tungumálsins) eða sem erlent tungumál (þegar landfræðileg landamæri eru ekki þau sömu og notkunarvið tungumálsins). Með orðum Oddnýjar G. Sverrisdóttur:

Þegar nemendur læra tungumál sem annað tungumál fer máltileinkunin fram innan þess málsvæðis þar sem markmálið er talað. Þegar nemendur læra tungumál sem erlent mál hafa þeir e.t.v. aldrei komið til þess málsvæðis þar sem markmálið er talað. Hvati í kennslu erlendra tungumála er því nokkuð annars eðlis en hvati til þess að læra tungumál sem annað mál. Þegar tungumál er kennt sem annað mál eru nemendur oft hluti af málsamfélaginu og geta því notað tungumálið sem þeir eru að læra óspart utan kennslustofunnar (2007, bls. 141).

Hins vegar, ef málfræðingar útskýrðu á áttunda og níunda áratugnum muninn á því að læra tungumál sem annað tungumál eða sem erlent tungumál, þá er þessi greinarmunur á 21. öldinni ekki svo gífurlegur, að minnsta kosti ekki á Íslandi. Aðgengi að samfélaginu er ekki sjálfsagt, jafnvel þegar landfræðileg mörk lands eru opinberlega þau sömu og notkunarvið tungumálsins. Ari Páll Kristinsson (2017, bls. 32) undirstrikar í Málheimum að „það er hvergi sjálfgefið að þjóðtungur haldi sínum hlut á öllum notkunarviðum ef svo má segja. Um öll Norðurlönd hafa menn nú áhyggjur af því að opinberu tungumálin geti smám saman verið að tapa notkunarviðum til enskunnar, m.a. í vísindum.“ Með orðatiltækinu

„eldhúsmál“ (2017, bls. 33) á Ari Páll Kristinsson við að notkunarvið íslenskunnar er að minnka „Í því sambandi er stundum talað um að það verði „eldhúsmál“; orðið vísar til þess hvernig notkunin hefur takmarkast við allra nánasta eða persónulegasta umhverfi málnotandans.“ Það er einmitt ekki nákvæmlega ljóst hvar málsvæði íslenskunnar byrjar og hvar það endar eða a.m.k. er það erfitt að skilja fyrir komumenn að hvaða leyti fólk lærir íslensku sem „erlent tungumál“ og ekki sem „annað mál“ og jafnvel þótt það sé á opinberu málsvæði landsins. Þetta fyrirbæri krefst töluverðs og stöðugs átaks fólks til að æfa sig. Til að vera skýrari, hefur dagleg notkun ensku innan íslenska málssvæðið djúp áhrif á innflytjendur sem eru að læra íslensku; svo ekki sé minnst á að ekki eru allir innflytjendur tilbúnir að fara í skóla til að læra íslensku. Sumir heyra ekki einu sinni íslensku í daglegu lífi, fyrir þá er íslenska erlent mál á Íslandi, enn frekar en enskan sem þeir nota til viðbótar við móðurmál sitt. Þar af leiðir er tungumálið sem tengir okkur saman ekki íslenska, heldur enska.

Í þessari baráttu tungumálanna, þar sem enska er enn hið „almáttuga“ alþjóðatungumál, er innflytjandi einstaklingur sem lærir heimamál þess lands sem hann flytur til? Svo virðist sem þetta val sé erfitt, bæði fyrir innfædda og innflytjendur. Enska tengir einmitt saman fólk sem annars myndi ekki geta skilið hvert annað. Ætti hins vegar ekki að vera takmörk á notkun hennar? Ætti hún að koma algjörlega í stað móðurmála? Varðveisla tungumálsins er hugmynd sem hefur gengið í gegnum aldirnar á Íslandi en vissulega ekki kennslu íslensku sem annars máls. Taktu bara eftir því hvernig Íslendingar og útlendingar eiga í samskiptum á kaffihúsum í Reykjavík þegar annar hvor þeirra vill nota íslensku; Samskipti ganga ekki alltaf vel og því er auðvitað auðveldara að nota ensku.

Íslendingar vita ekki hvernig þeir eiga að nálgast útlendinga og kenna tungumál sitt. Enskan er oftast eina lausnin og sú hugmynd að kynna íslensku er fyrst að koma fram núna. Víst er að það er aldrei auðvelt að fara út fyrir þægindarammann okkar, og þá löðumst við sjálfkrafa að því sem er kunnuglegt. Tungumálið er engin undantekning, það er næstum því eins og heilinn okkar virki sem málvísindaleg ratsjá, við viljum tengjast menningu sem við þekkjum til að vera örugg. Það þarf þá mikið átak eða að hafa mjög sterka ástæðu bæði fyrir innflytjendur og innfædda til að standa á móti og segja "nei" við þetta aðdráttarafl og halda í það val; það gæti í raun verið skilgreint sem andspyrnuverk. Eru það bara við ein sem finnum þennan hvata?

2.3 Samfelli á milli málnema og innfæddra

Með sjálfsákvörðunarkenningu (e. Self-determination theory) Deci og Ryan (1985) er skilgreindur munur á milli innri hvata (e. intrinsic motivation) og ytri hvata (e. extrinsic motivation):

Intrinsic motivation concerns behaviour performed for its own sake in order to experience pleasure and satisfaction such as the joy of doing a particular activity or satisfying one's curiosity. *Extrinsic motivation* involves performing as a means to an end, that is, to receive some extrinsic reward (e.g. good grades) or to avoid punishment.

Það er mikilvægt að taka eftir því að Deci og Ryan skilgreina sjálfsákvörðunarkenningu (e. Self-determination theory) sem samfellu (e. continuum): “Human motives can be placed on a continuum between self-determined (intrinsic) and controlled (extrinsic) form of motivation” (Deci og Ryan 1985). Á sama hátt útiloka hugtök Gardners (1960) aðlögunarhvati og verktengdur hvati (e. integrative og e. instrumental orientation) ekki endilega hvort annað og geta líka verið skilgreind sem samfella. Til dæmis gæti einhver haft áhuga á að sækjast eftir hærri launum sem frumhvöt, svo getur þetta viðhorf breyst í þá ósk að verða tekinn inn í málsamfélagið og fá að taka þátt í menningu málsvæðisins líka. Sömuleiðis getur samfella verið til á milli skólastofunnar og samfélagsins, þá er það ekki sjálfgefið. Við gætum jafnvel sagt að málneminn þurfi að næra innri hvata sinn með ytri hvata. Stundum er það bara hrós eða tilfinningin um að taka framförum. Hins vegar hættir innri og ytri hvati ef við sprautum öðru tungumáli inn í tileinkunarferlið. Þar af leiðandi er hættu á að samfella verði rofin og hvatinn á hættu á að verða neikvæður. Þannig, að byrja að tjá sig á markmálinu/viðtökumálinu er gríðarstór uppspretta hvata; sérhvert samtal á nýju tungumáli er smásigur eða smámisbrestur sem maður getur lært af. Ef í stað þess að nota og æfa íslensku, er annað tungumál–enska oft notað og æft og við leggjum orku í hana. Þegar fólk byrjar að eiga samskipti á öðru tungumáli en sínu eigin er mjög erfitt að fara til baka. Notkun enskunnar drepur þá þörfina fyrir samskipti á íslensku, drepur hvata nemandans og minnkar málsvæðið þar sem íslenska er notuð á Íslandi. Við gætum þá talað um afturvirk áhrif ytri hvata.

Til að taka málið enn lengra, þá myndum við jafnvel segja að bæði innfæddir og innflytjendur hafi fest sig í þeirri vanmáttarkennd að þeir geti ekki tjáð sig á íslensku. Dörnyei (2001, bls 118) fjallar um „lært hjálparleysi“ (e. Learned helplessness) sem fyrirbæri

sem lýsir: “learners who won’t try to succeed because they simply do not believe that they can”. Hann notar þetta hugtak innan marka kennslustofunnar en á Íslandi sýnist það hafa náð umfangi samfélagsins. Auðvelt er að hugsa þá að þetta sé hvorki innflytjendum né innfæddum að kenna því það er skynsamlegt að fólk eigi samskipti á því tungumáli sem allir eru færastir í. Hins vegar, hver stjórnar því hvort eitt tungumál sé talað meira en annað? Íslendingar, útlendingar eða engir?

Weiner (1992, eins og vísað er til hjá Dörnyei, 2001, bls. 10) undirstrikar í kenningu sinni (e. Attribution theory) muninn á *getu* (e. ability) og *viðleitni* (e. effort).

The individual’s explanation (or ‘causal attribution’) of why past successes and failures have occurred have consequences on the person’s motivation to initiate future action. In school contexts ability and effort have been identified as the most dominant perceived causes, and it has been shown that failure that is ascribed by the learner to low ability hinders future achievement behaviour more than failure that is ascribed to insufficient effort.

Hugtök Dörneis og Weiners, lært hjálparleysi og viðleitni, geta gefið okkur vísbendingar um hvað þarf að gera til þess að fólk sem býr á Íslandi geti talað íslensku. Í fyrsta lagi þurfa bæði Íslendingar og útlendingar að trúa því, og það er ekki sjálfgefið, að hægt sé að tala íslensku og treysta ekki stöðugt á ensku. Í öðru lagi þarf að leitast við að nota íslensku, ekki aðeins til að hafa samskipti, heldur til að tengja og þróa sjálfsmynd sína og sjálfa sig á íslensku í stað annars tungumáls. En er það fyrirhafnarinnar virði? Fyrir Íslendinga, málnema, túrista? Til að efla notkun íslensku á Íslandi voru sett árið 2011 lög um stöðu íslenskrar tungu sem opinbers tungumáls á Íslandi. Hins vegar, um leið og við förum út úr tungumálasvæði fjölskyldunnar, er enskan óvenju sterk á Íslandi (sjá: Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 95-97). Zoltán Dörnyei (2001, bls. 7) spyr þriggja spurninga til að skilgreina almennan hvata: “Why people decide to do something? How hard they are going to pursue it? How long they are willing to sustain the activity?” Valið er að nota eitt opinbert tungumál á Íslandi, sem kemur þó ekki í veg fyrir að móðurmálsnotendur og fólk sem talar íslensku sem annað tungumál haldi áfram að nota ensku; líklega vegna þess að enska skipar stöðu móðurmáls annarsmálsamfélagsins á Íslandi. Ef valið um að nota íslensku er ekki ljóst fyrir Íslendingum, er það þá ekki óskhyggja að búast við því að það gæti verið ljóst fyrir útlendinga og að upphafshvötin til að læra tungumálið haldist með tímanum?

Samantekt kaflans

Ísland hefur á síðustu áratugum vakið mikinn alþjóðlegan áhuga. Þannig hafa komið fleiri útlendingar, ferðamenn, innflytjendur og flóttamenn til Íslands og vaxandi fjöldi þessara útlendinga hefur sýnt áhuga á að læra íslensku. Hins vegar er erfitt fyrir fólk sem vill dvelja á landinu að viðhalda áhuga, jákvæðu viðhorfi og hvata til að læra íslensku. Hvati getur virkað sem mikill drifkraftur og það getur líka slokknað á henni, eins og Oddný G. Sverrisdóttir (2007) útskýrir. Nútíma vísindarannsóknir á hvata í tileinkun annars máls varð almennt viðurkennd á sjöunda áratugnum með grein eftir Gardner og Lambert: „Motivational Variables in Second language Acquisition“ (1959).

Fram til dagsins í dag hefur þessi grein haft mikil áhrif á það hvernig málfræðingar skilja hvað hvati er. Hins vegar voru kenningar Gardner og Lamberts gagnrýndar, meðal annars vegna hugtaka um aðgengi að tungumálassvæðinu sem er ekki alltaf sjálfsagt. Jafnvel á opinberu tungumálasvæði landsins er munurinn á því að læra tungumál sem annað mál á móti erlendu máli ekki eins skýr og Crookes og Schmidts (1991 eins og vísað er til hjá Oddnýju G. Sverrisdóttur, 2007) vildu vera láta. Bara það hvað Íslendingar eru fljótir að skipta yfir í ensku þegar þeir tala við útlendinga færa mörk íslenska málssvæðisins. Frá sjónarhóli útlendinga gerir það ensku næstum opinberara mál en íslensku, að því leyti að það að læra íslensku á Íslandi sé raunar eins og að læra hana sem erlent mál. Það að læra íslensku sé í raun skilgreint sem andspyrnuverk í þessari baráttu þar sem enska er enn hið „almáttuga“.

Kenningin um sjálfsákvörðunarrétt (e. self determination theory (Deci og Ryan 1985)) undirstrikar samfelluna milli innri og ytri hvata. Þá er ljóst að Íslendingar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í því hvort tungumál þeirra er sett fram á neikvæðan eða jákvæðan hátt. Með öðrum orðum, það þarf að leggja mikið á sig til að hverfa frá tilfinningu um lært hjálparleysi (Dörnyei, 2001) sem virðist einkenna ferlið þegar fullorðnir læra íslensku. Jafnvel þótt lög hafi verið sett um að setja íslensku sem eina opinbera tungumálið á Íslandi (fyrir utan íslenskt táknmál) virðist valið um og viðleitnin til að tala, kynna, kenna og læra íslensku ekki vera mjög skýr. Hvað er þá í húfi? Fyrir Íslendinga? Fyrir útlendinga?

3. Enskunotkun á Íslandi

Á síðustu áratugum hefur Ísland vakið mikla alþjóðlega athygli og vaxandi fjöldi útlendinga hefur sýnt áhuga á að læra íslensku. Aðgengi að tungumálassvæðinu er hins vegar ekki sjálfsagt, sérstaklega vegna gífurlegrar notkunar ensku á opinberu tungumálasvæði landsins. Frá sjónarhóli útlendinga gerir það ensku næstum opinberara mál en íslensku, að því leyti að það að læra íslensku á Íslandi er næstum því eins og að læra hana sem erlent mál og ekki sem annað mál. Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011 er kveðið á um að íslenska sé “þjóðtunga Íslendinga og opinbert tungumál (1. gr.), að: „[s]tjórnvöld skuli tryggja að unnt verði að nota íslensku á öllum sviðum íslensks þjóðlífs (2. gr.) og að „ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skuli sjá til þess að hún sé notuð” (5. gr.). Þrátt fyrir lögin virðist sem hægt sé að nota íslensku og ensku til skiptis og af sömu kunnáttu. Ef það er rétt, á ekki að líta á Ísland sem tvítyngt land? Afleiðing gífurlegrar notkunar á ensku er sú að það er ekki sjaldgæft að hitta fólk sem eftir nokkur ár á landinu finnst að það geti bara komist af með því að nota ensku og þar af leiðandi hefur það gefist upp á að læra íslensku.

Birna Arnbjörnsdóttir (2018) rannsakaði enskunotkun á Íslandi, og sérstaklega muninn á milli ílags og frálags í enskukunnáttu Íslendinga. Í þessum hluta erum við sérstaklega að nota rannsóknir Birnu til að skilja betur í hvaða samhengi er hægt að nota ensku og íslensku á Íslandi. Við erum ekki svo mikið að reyna að deila um hvaða tungumál eigi að tala og hvar, frekar að finna út hvernig hægt sé að fá aðgengi að tungumálunum; og hvenær er hægt að tala íslensku á Íslandi.

3.1 Málstýring á Íslandi

Gífurleg notkun ensku gerir það að verkum að frá sjónarhóli margra útlendinga er erfitt að nálgast Íslendinga á móðurmáli þeirra. Það þýðir þó ekki að Íslendingar tali ekki tungumálið sitt og að íslenska sé ekki lifandi tungumál. Íslendingar eru þekktir fyrir málfarslega íhaldssemi í gegnum tíðina, þeir eru mjög stoltir af tungumáli sínu og áreynslan að stýra því kallast málstýring (Ari Páll Kristinsson, 2017). Þar að auki er íslenska vel skilgreint mál í sínu formi (málfræði, orðaforði, orðaröð,...); það kallast formstýring (Ari Páll Kristinsson, 2017). Það að fólk deili um formstýringu sýnir líka að Íslendingar eru ekki tilbúnir að gefast upp á tungumáli sínu. Til dæmis líta sumir á notkun hvorugkyms sem kynhlutlaust form sem

jákvæða þróun í þeirri trú að ná auknum jöfnuði, en aðrir líta á það sem afturför. Kristján Hreinsson sem er íslenskt skáld vísar til þess sem hvorugkynssýki:

„Vegna þess að um leið og í málið er kafað af vandvirkni þá kemur í ljós að hvorugkynssýkin á aldrei eftir að hafa góð áhrif – hvorki á tungu né þjóð. Í sýkinni er ekki heil brú, hún er reist á þvermóðsku og getur ekki staðist neinar þær væntingar sem til hennar eru gerðar“ (Jakob Bjarnar, 2024).

Mikilvægast er ekki að vita hvort Kristján Hreinsson hefur rangt eða rétt fyrir sér heldur að sjá að tungumálið er miklu meira en bara verkfæri, í gegnum tungumál og form þess verður sýnileg sjálfsmýnd fólksins sem talar það. Umræða um málstýringu sýnir auk þess að íslenskan tengist svo sannarlega samfélaginu, en eins og Ari Páll Kristinsson (2017) segir í bókinni *Málheimar* er málstýring skilgreind með tveimur hugtökum: formstýringu og stöðustýringu.

Staða máls á við útbreiðslu og notkunarsvið þess og hlutverk þess í stjórnsýslu, atvinnu- og menningarlífi. T.d. þegar fyrirmæli eru gefin út á íslensku en ekki ensku, þetta er dæmi um stöðustýringu enda er staða íslenskrar tungu treyst gagnvart öðrum málum með svona opinberum fyrirbærum. Þegar, hins vegar, er gefin út yfirlýsing sem fjallar um að það sé rétt að rita tvöfaldan samhljóða samkvæmt uppruna í orði eins og t.d. kennsla, sem kemur frá sögninni að kenna, þá er þetta dæmi um formstýringu. (bls. 74-75)

Lögin sem sett voru árið 2011 um stöðu íslenskunnar (Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011) og sem setja það sem opinbert mál á Íslandi, eru vissulega sterk vísbending um að Íslendingar vilji auðkenna sig sem sjálfstæða þjóð með eigið tungumál og að íslensku eigi að nota á öllum sviðum samfélagsins. Eins og Ari Páll Kristinsson útskýrir:

Íslenska er málið sem borgararnir nota oftast í samskiptum sín á milli dags daglega á flestum notkunarsviðum, börnum er kennt að lesa í skólum á íslensku, lög landsins eru birt á íslensku og stjórnvöld birta borgurinum fyrirmæli á íslensku. Þetta ástand er ekki sjálfgefið í nokkru sjálfstæðu ríki (2017, bls. 16).

Dvert á móti útskýringu Ara Páls Kristinssonar og þótt reynt sé að stýra formi og stöðu íslensks máls og að Íslendingar vilji frekar tala tungumálið á milli sín, má velta fyrir sér hvort hægt sé að forðast að nota ensku á Íslandi.

3.2 Ofmat á enskufærni Íslendinga

Birna Arnbjörnsdóttir segir notkun ensku í málasamfélaginu gífurlega (2018, bls. 14). Hún lýsir íslensku málasamfélagið sem:

[...] a linguistic society with a fully functional national language that has embraced an additional language – English – which has no official status other than that of a foreign language, even though, as many speakers claim, without it, it would be difficult to function in Iceland“ (bls. 31).

Opinberlega er enska þá skilgreind sem erlent mál og Ísland er því ekki skilgreint tvítyngt samfélag þar sem notkun íslensku og ensku væru á sama stigi. Ef sumir halda því fram, eins og Birna gefur til kynna, að erfitt sé að starfa á Íslandi án ensku, þá er líka erfitt að virka að fullu án íslensku. Hún bendir einmitt á (2018, bls. 35) að notkun ensku í málasamfélaginu sé miklu meira í formi ílags (e. Receptive english) en frálags (e. Productive english). Til að mæla eðli og kunnáttu (ílag v. frálag) sem Íslendingar hafa í ensku, hafa nokkrar kannanir verið gerðar á Íslandi á síðustu áratugum. Birna Arnbjörnsdóttir (2018, bls. 40-41) bendir ennfremur á að í landssímakönnuninni sem gerð var árið 2011 voru 740 fullorðnir Íslendingar (af öllum kynjum, búsetu, menntun og störfum) spurðir um enskunotkun sína: 86% þátttakenda svöruðu að þeir heyri ensku daglega, þegar aðeins 19% þátttakenda svöruðu að þeir tali ensku á hverjum degi. Að benda á misræmið í því að heyra v. tala, sem sagt er misræmið á milli ílags (hlustunar) og frálags (tals) enskunnar, sýnir líka að jafnvel þó enska sé mjög til staðar á Íslandi hefur hún ekki algerlega ráðist inn á öll notkunarsvið málsamfélagsins. Þetta er líka önnur vísbending þess að Ísland er ekki tvítyngt samfélag, hvorki opinberlega né heldur í reynd. Sama misræmið kemur fram í sömu könnun (Birna Arnbjörnsdóttir 2018, bls. 41) á milli lesturs (ílags) og ritunar (frálags): 43% þátttakenda lesa ensku á hverjum degi og aðeins 20% segjast skrifa daglega eða vikulega. Þannig að ef íslenska er opinbert tungumál, er enska tungumálið sem kemur að utan og er að því leyti skilgreint sem erlent tungumál (öfugt við annað tungumál). Oft er sagt að útlendingar geti ekki lært íslensku af því að hún er svo erfið (sjá t.d. Ehrat 2018) og það sé ástæðan fyrir því

að einmitt enska sé nauðsynleg til að Íslendingar geti tekið þátt í alþjóðasamfélaginu, átt samskipti erlendis og tekið á móti fólki sem kemur að utan, boðið það velkomið, t.d. sífellt vaxandi fjölda ferðamanna. Segja má að hingað til hafi enskan ekki verið hluti af íslenskri sjálfsmynd og heldur meira notuð sem tæki. Hins vegar virðist sem báðar hugmyndir um að enska sé ekki hluti af íslenskri menningu og að enginn hefði áhuga á að læra íslensku eigi síður við í dag.

Þrátt fyrir viðleitni til að varðveita íslenska tungu í gegnum tíðina, jafnvel undir danskri nýlendustjórn (Auður Hauksdóttir, 2014) og þrátt fyrir að á síðari tímum væru lög sett um stöðu íslenskrar tungu til að takmarka notkun ensku á Íslandi, virðist sem alþjóðamál fái sífellt meira pláss í íslensku samfélagi, menningu og sjálfsmynd.

Birna Arnbjörnsdóttir (2018, bls. 43) rannsakaði mikilvægi aldurshópa og þróun á notkun ensku innan mismunandi kynslóða. Hún bendir á, að í gögnum úr könnun sem gerð var árið 2011 (sjá einnig Birna Arnbjörnsdóttir, 2011) um tíðni enskunotkunar eftir aldri (18–29, 30–39, 40–49, 50–59, 60+), komi fram að sá hópur fólks sem minnst hafi samskipti við ensku séu þeir sem eru yfir sextugt og búi utan Reykjavíkur og hafi grunnskólamenntun: „Perhaps it is no less interesting to note who is not exposed to English and in simple terms the group of people who have the fewest encounters with English are those over 60 who live outside of Reykjavík and have a primary school education“ (2018, bls. 44). Þýðir það að til að finna núlifandi Íslending sem talar ekki ensku þurfi hann að vera utan skalans 9 til 60 ára og vera búsettur utan Reykjavíkur? Jafnvel á meðal fólks á aldrinum 60 og eldri, sem er talið minna útsett fyrir ensku, segjast 77% þeirra heyra ensku daglega (bls. 43) og hafa vissulega hæfni til að tjá sig að minnsta kosti á grunnensku (76% tala ensku mánaðarlega, 16% vikulega og 9% daglega). Það er með öðrum orðum ekki neinn staður á Íslandi þar sem útlendingar sem tala ensku, jafnvel á byrjunarstigi, þurfa grunn íslenskukunnáttu eða líkamstjáningu til að skilja og miðla þörfum sínum. Þýðir það að í raun og veru sé engin alvöru þörf eða kröfur til að skapa tengsl á íslensku milli málnema eða innflytjenda í samfélaginu; ekki á stofnanastigi, né í tengslum við vinnu eða frístundastarf og jafnvel innan marka fjölskyldunnar. Samkvæmt könnuninni eru staðirnir þar sem enskuáhrif eru ólíklegri bara að finna meðal aldraðra og ungra barna, t.d. á hjúkrunarheimilum og leikskólum. Þá er erfitt að spá hvaða tungumál verður notað og hvort áhrif ensku verði jákvætt eða neikvætt í framtíðinni.

Hingað til hefur íslenska verið helsta tungumálið sem Íslendingar nota, og enska er ekki notuð á stigi móðurmáls. Birna Arnbjörnsdóttir fjallar einmitt um ofmat (e. overestimation) Íslendinga á enskukunnáttu sinni. Í landssímakönnuninni sem gerð var árið 2014 voru 906 fullorðnir Íslendingar, af öllum kynjum, búsetu sinni. Um 3/4 þátttakenda telja enskufærni sína í hlustun og lestri góða eða mjög góða en aðeins 10% segja ensku sína lélega eða mjög lélega (bls. 48).

2011 könnun: enska notkun		2014 könnun: Sjálfsskynjun Íslendinga á ensku	
Notkun ensku daglega:		Góð eða mjög góð færni:	
Að heyra	86%	Að skilja	74%
Að lesa	20%	Að lesa	70%
Að tala	43%	Að tala	65%
Að skrifa	20%	Að skrifa	56%

Ef við berum saman könnunina frá 2011 þar sem horft er til enskunotkunar og könnunarinnar frá 2014 sem skoðar sjálfsskynjun á færni Íslendinga í ensku, dró Birna Arnbjörnsdóttir í efa réttmæti skynjunar Íslendinga á enskukunnáttu sinni. Til dæmis, svöruðu 70% Íslendinga að þeir lesi ensku vel eða mjög vel þegar aðeins 20% segjast lesa hana. Birna Arnbjörnsdóttir undirstrikar hins vegar að mögulega noti Íslendingar ensku eftir þörfum sínum og þurfi ekki að ná fullri fræðilegri kunnáttu í tungumálinu: „it is also quite possible that their [Icelanders] English serves them adequately for every day purposes, understanding texted materials, having short conversations on social media and having conversations with non-intimates in highly contextual situations“ (bls. 54). En eins og áður var bent á, hvað ef þeir þyrftu meiri ensku en íslensku? Hvað ef það væri framtíð íslenskra barna að tala ensku sem aðalmál?

3.3 Verður næsta kynslóð tvítyngd?

Börn eru almennt ekki varðveitt fyrir ensku ílagi, einungis yngstu börnin nota nær eingöngu íslensku í daglegu lífi að mati Birnu Arnbjörnsdóttur (2018, bls. 53): “the youngest children still use almost exclusively Icelandic in their everyday lives.“ Hún útskýrir hins vegar að í áður nefndri könnun sem gerð var 2011 kom í ljós að yngsti aldurshópurinn, 18-29 ára, er líklegri til að nota ensku bæði í formi ílags (e. receptive english) og í formi frálags (e. productive english), sem bendir til þess að enska muni taka meira og meira pláss innan íslenska málsvæðisins í framtíðinni og verði notuð af yngri og yngri aldurshópum:

In addition to a spread over time, there is an increase in productive use of English as the younger respondents not only use more English, but are also more likely than older ones to use English productively, i.e. speak it and write it (Birna Arnbjörnsdóttir 2018, bls 44).

Á yngsta stigi grunnskóla (1.–4. bekkur) hafa börn yfirleitt ekki fleiri en 40 kennslustundir á viku, en krakkarnir taka oft aukakennslutíma þegar í leikskólum. Ásrún Jóhannsdóttir (2018) bendir á, að börn öðlast líka mikla tungumálafærni utanskóla, í gegnum netmiðla og fyrr en í formlegum kennslustundum í skólanum.

The results show a strong relationship between proficiency and personal needs to use English to understand television programs and music lyrics, while using computers and speaking to foreigners (2018, bls. 57).

Ásrún Jóhannsdóttir gerði kannanir til að kanna hvernig ungir unglingar öðlast enskukunnáttu sína utan og innan veggja skólastofunnar. Hún benti á að kennslan sem krakkar fá í skólanum uppfyllir ekki þarfir þeirra hvað varðar eðli og magn. Reyndar leggur hún einnig til að opinber staða ensku, skilgreind sem erlent mál, sé ekki aðlöguð þörfum nemenda við lok skyldunáms (10. bekk) og að enska ætti ekki að vera kennd á sama hátt og önnur erlend tungumál, eins og þýska, franska og spænska.

These data have revealed a discrepancy between the nature and amount of extramural English exposure and use of our tenth graders and their school based activities. They provide more evidence that Iceland is entering a new linguistic era where English is no longer a foreign language on a par with e.g. French or German. The exposure to English in Iceland is simply too much for this to be the case (Ásrún Jóhannsdóttir, 2018, bls. 92).

Börn hafa þá aðgengi að ensku í gegnum fjölskylduumhverfi sitt og raunar innan þeirra marka sem þeim eru sett. Með öðrum orðum, er enska ekki hluti af grunnþörfum barns. Aðgengi að íslensku, ensku og öðrum tungumálum er fyrst og fremst veitt af foreldrum, annaðhvort meðvitað eða ómeðvitað.

Líta má á ensku sem brúna sem tengir saman innfædda (þar á meðal börn), alþjóðasamfélagið og útlendinga og hún er líka alþjóðlega viðurkennd sem *lingua franca*, hlutlaust alþjóðlegt tungumál. Það er hins vegar ljóst að samband og jafnvægi

milli fyrsta, annars og erlendra tungumála er erfitt að halda og ef enskan tekur ekki sæti íslensku sem móðurmáls tekur hún þátt í íslenskri menningu og sjálfsmynd. Hugtakið *lingua frankensteinia* er stundum notað frekar en *lingua franca*. Skrímslið sem Mary Shelley skapaði er notað sem allegoría/persónugervingur þegar eitt tungumál gengur inn á og ógnar tilveru annars.

The elimination of linguistic diversity has been an explicit goal of states attempting to impose monolingualism within their borders: linguistic policies favour the *lingua frankensteinia* and lead to linguisticide (Phillipson, 2008).

Kaldhæðnin er sú að Ísland hefur verið eintyngt samfélag frá landnámi og er sjálfstætt land (frá 1944). Jafnvel þótt við viðurkennum að það sé einhver alþjóðlegur þrýstingur á að nota ensku er ekki hægt að líta á útbreiðslu ensku sem *lingua frankensteinia* af því að Ísland er ekki lengur undir nýlenduveldi og ensku er ekki þröngvað inn af íslenska ríkinu. Phillipson (2008) segir hins vegar: „The worldwide presence of English as a *lingua americana* is due to the massive economic, cultural, and military impact of the USA.“ Ísland mætir einmitt atriðunum þremur sem Phillipson leggur áherslu á: gríðarlega efnahagsleg, menningarleg og hernaðarleg áhrif Bandaríkjanna.

Það er mjög auðvelt aðgengi að ensku á Íslandi, hún er notuð á flestum sviðum samfélagsins sem annað tungumál, hún er notuð nógu mikið til að mæta þörfum margra (t.d. í sambandi við ferðamenn); án sérstakrar uppbyggingar eða krafna um gæði. Á Íslandi hefur fólk aðgengi að einfaldaðri ensku án raunverulegrar athygli á mistökum, sem gefur Íslandi fullkomið samhengi til að læra ensku en of lítið hefur verið gert í langan tíma til að fólk haldi áhuga sínum á íslensku. Ensku er örugglega ekki hægt að líkja við skrímsli (sbr. Mary Shelley) vegna þess að notkun hennar hefur gert Íslandi kleift að taka þátt í heiminum, en kannski sem villidýr án landamæra á meðan íslenskan er bundin í sínu formi og er ekki gefið nóg pláss. Í kjölfar þessarar hugmyndar virðist samband sé á milli formstýringar og stöðustýringar; Útlendingar þurfa meira pláss á Íslandi þar sem þeir geta notað íslensku og gera mistök án þess að skipt sé aftur yfir í ensku, sem sagt þeir þarfnast meiri stöðustýringar og minni formstýringar. Hér er áskorunin: að færa stöðu íslensku úr þriðja máli í annað mál, (því er oft gleymt að við útlendingar erum líka innfæddir), allt á sama tíma og við höldum ensku sem *lingua franca*.

Samantekt kaflans

Lögin sem sett voru árið 2011 sýna að Íslendingar vilja nota íslensku á flestum notkunarsviðum. Íslenska er sannarlega lifandi mál og Íslendingar eru hrifnir af henni. Frá sjónarhóli útlendinga sem langar að læra íslensku sem annað mál er aðgengi að málsamfélaginu hins vegar alls ekki sjálfsagt. Gífurleg notkun ensku í íslensku samfélagi skapar sérstakt samhengi, að því marki að Birna Arnbjörnsdóttir skilgreinir Ísland sem samfélagið sem faðmaði viðbótarmál–ensku („[...]embraced an additional language – English“ (2018, bls. 31))“. Hún rannsakaði notkun ensku á Íslandi, og sérstaklega muninn á milli ílags og frálagsfærni Íslendinga í ensku.

Birna (2018) bendir á að Íslendingar ofmeti almennt enskukunnáttu sína. Íslendingar hafa einmitt oft tileinkað sér ílags form í ensku frá unga aldri en eiga erfiðara með frálagsfærni í ensku á formlegri og akademískari hátt sem síðar uppfyllir ekki tungumálakröfur í háskóla eða í vinnuumhverfi. Ísland er í kjölfarið ekki algjörlega tvítyngt samfélag og ef erfitt er að starfa án ensku er, til lengri tíma litið, erfitt að starfa án þess að kunna íslensku.

Opinberlega hefur íslenskan stöðu opinbers tungumáls þjóðarinnar en það virðist hins vegar óskhyggja að viðurkenna ekki það vald sem enskan hefur í samfélaginu, hvernig hún hefur áhrif á hegðun Íslendinga í garð útlendinga og hversu mikil áhrif enska hefur á fólk sem lærir íslensku. Þetta gæti stafað af sambandinu á milli stöðustýringar og formstýringar. Svo virðist sem enskan sé að taka sífellt meiri sess í samfélaginu, íslenskri menningu og sjálfsmýnd og að mati Birnu Arnbjörnsdóttur (2018, bls. 53), noti Íslendingar ensku eftir þörfum, en hvað ef þeir þyrftu meiri ensku en íslensku? Enska á Íslandi er mjög aðgengileg, notuð á flestum sviðum samfélagsins sem annað tungumál, það er notað nógu mikið til að mæta þörfum margra (t.d. í sambandi við ferðamenn); án sérstakrar uppbyggingar eða krafna um gæði. Það er eins og villidýr án landamæra á meðan íslenskan er bundin í sínu formi og er ekki gefið nóg pláss. Í kjölfar þessarar hugmyndar virðist sem samband sé á milli formstýringar og stöðustýringar.

Málanemar þurfa betra aðgengi að íslensku málsamfélagi og meira umburðarlyndi með formstýringu, þannig að fyrir þá sé hægt að færa stöðu íslenskunnar úr þriðja tungumáli yfir í annað tungumál; með ensku sem *lingua franca*, sem virkar sem brú á milli fólks, án þess að koma í veg fyrir að önnur tungumál séu lærð og nýjar menningar uppgötvaðar. Er það ekki skilgreining á fjölmenningu?

4. Sjálfsmynd

Ísland hefur vakið mikla alþjóðlega athygli á síðustu áratugum og vaxandi fjöldi útlendinga hefur sýnt áhuga á að læra íslensku. Aðgengi að málsvæðinu er hins vegar ekki sjálfgefið, sérstaklega vegna gífurlegrar notkunar ensku á opinberu tungumálasvæði landsins.

Rannsóknir Birnu Arnbjörnsdóttur (2018) um notkun og ílag ensku á Íslandi benda hins vegar til ofmats á enskukunnáttu Íslendinga. Hún segir að Íslendingar geti notað ensku bara eftir þörfum (t.d. í sambandi við ferðamenn eða útlendinga), svo virðist sem íslenskir nemendur séu ekki nógu vel undirbúnir fyrir framtíðarkröfur um ensku í háskóla eða í vinnuumhverfi. Hún skilgreinir Ísland sem samfélagið sem faðmaði viðbótarmál–ensku („[...]embraced an additional language – English“ (2018, bls. 31)) þar sem enskukunnátta er fengin beint úr daglegu lífi Íslendinga og að mestu leyti utan skóla. Þetta skapar samhengi sem er nær því að læra ensku sem annað tungumál frekar en erlent tungumál, eins og það er talið opinberlega og kemur fram í Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, 2. útg. með breytingum 2015). Þetta þýðir líka að enskan er nú hluti af sjálfsmynd Íslendinga.

Hins vegar er aðgengi útlendinga að íslensku oft takmarkað, að því leyti að málneymar tileinka sér íslensku á Íslandi næstum því með því að læra hana sem erlent mál en ekki sem annað mál, þrátt fyrir að opinberlega sé talið að Ísland sé eintyngt samfélag. Enskan er það mikið notuð á Íslandi og mætir þörfum svo mikils fjölda fólks að hægt er að líta á ensku sem *lingua franca* (jákvætt) eða *lingua americana* (neikvætt; sjá kafla 2) á Íslandi. Enska er óformleg, án formstýringar á Íslandi, en íslenskan sem opinbert tungumál takmarkast af formstýringu og fær ekki nægt rými í samfélaginu, sérstaklega er erfitt fyrir útlendinga að læra hana. Af þessum sökum fær íslenskan takmarkaðra rými en íslenskan.

Staða íslensku sem opinbers tungumáls og staða ensku sem erlends tungumáls eru vefengd svo að það er óljóst hvort tungumálið muni sigra hitt eða hvort íslenskt samfélag verði algerlega tvítyngt í framtíðinni, með báðum tungumálunum sem myndu lifa hlið við hlið.

Að minnsta kosti er breyting á tungumálavistfræði (e. linguistic ecology) Íslands sýnileg og enska er enn að finna stöðu sína. Breytingar á tungumálastöðu (opinbert, opinbert tungumál sem tekur aukamál, annað tungumál, erlent tungumál) og á sambandi milli málstýringar og formstýringar magnar líklega upp breytingar á íslensku málsamfélagi.

4.1 Þjóðernishyggja

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem íslenskt mál er í samkeppni við annað tungumál og aðra menningu. Á tímum danska heimsveldisins var íslenska talin vera að deyja út. Danski málfræðingurinn, Rasmus Rask, sem skrifaði fyrstu kennslubókina í íslenskri málfræði á 19. öld, spáði fyrir hugsanlegri útrýmingu íslenskunnar. Árið 1813 skrifaði hann bréf til Bjarna Thorsteinssonar, þar sem hann varar verðandi amtmann við hugsanlegri útrýmingu íslensku (eins og vísað er til hjá Auði Hauksdóttur, 2014, bls. 16):

Annars þér einlægliga að segja held ég að íslenskan bráðum mun útaf deyja; reikna eg, að valla mun nokkur skilia hana í Reikiavík að 100 árum lidnum, enn valla nokkur í landinu að öðrum 200 árum þaruppfra, ef alt fer eins og hingatil og ecki verda rammar skordur vidreistar, jafnvel hiá bestu mönnum er annadhvört ord á dönsku, hiá almúganum mun hún haldast vid leingst.

Sem viðbragð við yfirráðum Dana yfir Íslandi, sáu við einnig þróun íslenskra þjóðernishreyfinga á 19. öld, og kallaðist hún sjálfstæðisbarátta eða frelsisbarátta, þar sem menn beittu sér fyrir sjálfstæði Íslands og reyndu að koma íslensku máli aftur í tísku. Til dæmis kom út íslenska tímaritið "Fjölnir" á árunum 1835-1847 í Kaupmannahöfn. Stofnendur þess voru kallaðir Fjölnismenn og gáfu út greinar, texta og rómantísk ljóð á íslensku og á forsendum þjóðfrelsis.

Frægustu Fjölnismennirnir eru Jónas Hallgrímsson (16. nóvember 1807–26. maí 1845), rómantískt skáld sem oftast er nefnt fyrir störf sín að varðveislu tungumálsins (t.d. að búa til ný orð). Það er ástæðan fyrir því að fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, varð fyrir valinu, þegar Dagur íslenskrar tungu var fyrst haldinn hátíðlegur árið 1996, í því skyni að veita viðurkenningu fyrir notkun þjóðartungunnar til handa Íslendingum sem tala, lesa og skrifa íslensku (*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*, 2022). Jón Sigurðsson (17. júní 1811–7. desember 1879) er talinn helsti stjórnmalamaðurinn sem leiddi sjálfstæðisbaráttuna eftir að Friðrik VII Danakonungur lét af einveldi árið 1848. Íslendingar voru þá ekki lengur undir stjórn einveldiskonungs, og fóru að líta á sjálfa sig, ekki bara sem þjóðernishóp innan danska konungsríkisins, heldur sem þjóðríki óháð nýju dönsku þjóðinni. Sjálfstæðisbaráttan leiddi til fullveldis (1918) og lýðveldis (1944) og Ísland verður sjálfstætt þjóðríki 17. júní 1944.

Hugtakið þjóðríki er oft tengt hugmyndinni um að hópur fólks deili sömu landamærum, hafi sömu trú, sögu, menningu, tungumál og löngun til að búa saman. Í skilgreiningu sinni á þjóð leggur Benedict Anderson (2006, bls. 6) áherslu á ímyndað stjórnmalasamfélag (e. *imagined political community*), sem sýni meðal annars að þjóð er smíðuð hugmynd: „It is imagined because the members of even the smallest nation will never know most of their fellow-members, meet them, or even hear of them, yet in the minds of each lives the image of their communion.“ Guðmundur Hálfðánarson segir í bókinni *Íslenska þjóðríkið* (2001) að hann sé sammála því að þjóðarhugtakið sé skilgreint af trúarbrögðum, kynþætti, landamærum og tungumáli, en heldur því fram að á Íslandi sé tungumálið eina einkennið sem skilgreini fólk sem Íslendinga. Á sama hátt dregur Kjartan G. Ottósson fram, í ritinu *Íslensk málhreinsun: Sögulegt yfirlit* (1990), lykilhlutverk íslenskrar tungu í sjálfstæðisbaráttunni. En var það eina einkennið?

Ernest Renan (1882) sem var franskur heimspekingur, sagnfræðingur og guðfræðingur á 19. öld vísar til „gleymsku“ í skilgreiningu sinni á þjóð: *l'essence d'une nation est que tous les individus aient beaucoup de choses en commun, et aussi que tous aient oublié bien des choses* (ís. Kjarni þjóðar er að allir einstaklingar eiga margt sameiginlegt og líka að allir hafi gleymt mörgu). Atburðir sem þjóð kys að gleyma eru hins vegar hluti af sögunni, hvort sem þeir eru það opinberlega eða ekki, og verða þannig hluti af sjálfsmýnd fólks og tungumálið endurspeglar það. Með öðrum orðum hafa Íslendingar ekki gleymt nærveru Bandaríkjanna frá 1941, við myndun íslensku þjóðarinnar (1944). Það er skiljanlegt að nærvera og áhrif Bandaríkjamanna falli ekki inn í skilgreiningu á íslensku þjóðinni en á sama tíma væri erfitt að afneita áhrifum Bandaríkjamanna á þróun Íslands. Það sem líka þarf að benda á er að Íslendingar urðu enskumálmennar, á undan öðrum þjóðum, fyrir internetið og netheiminn (e. *cyber world*) og nútímahnattvæðingu. Samkvæmt Arnett (2002, bls. 777): „[...] as a consequence of globalization, most people in the world now develop a bicultural identity, in which part of their identity is rooted in their local culture while another part stems from an awareness of their relation to the global culture“. Ef opinber skilgreining á þjóðríki tekur aðeins til greina eitt tungumál, eina trú,... eitt þjóðerni, þá passar ekki inn í hefðbundna hugmynd um hvað þjóð er, hugmyndin um annað tungumál, eða að kenna íslensku sem annað mál. Þessi skilgreining dregur einnig úr sjálfsmýnd þjóðar og fjölbreytileika hennar. Sérstaklega ef við veljum að nota aðeins einn eiginleika, tungumálið, til að skilgreina þjóðerni, eins og Guðmundur Hálfðánarson (2001) gerir. Meira að segja yrði ekki raunhæf

hugmynd Ara Páls Kristinssonar að „[í]slenska er málið sem borgararnir nota oftast í samskiptum sína á milli dags daglega á flestum notkunarsviðum, börnum er kennt að lesa í skólum á íslensku, lög landsins eru birt á íslensku og stjórnvöld birta borgurunum fyrirmæli á íslensku“ (2017). Hún felur ekki í sér að börnum þeirra 16,6% erlendra ríkisborgara á Íslandi er líka kennt á íslensku í skólanum, en sem annað tungumál. Hugmynd Ara Páls Kristinssonar er heldur ekki miðuð við að íslenska þjóðin hafi mögulega tekið í faðm sinn viðbótarmál-ensku og endurspeglar örugglega ekki tungumálalíf erlendra Íslendinga sem búa á Íslandi.

Það er kannski innsti kjarni þjóðernishyggju að kynna þjóðina sem þá bestu, eins og mannfólk gerir gjarnan í samanburði við aðra, t.d. í íþróttum, og það er ekki sérstakt fyrir Ísland. Í bókinni (Þjóðar)sálin hans Jóns míns, vísar Birkir Blær í þjóðarkomplex Íslendinga en þar kemur vel fram sú hugmynd að það er ekki bara tungumálið sem skilgreinir íslensku þjóðina:

Mig grunar að þetta eigi rót sína í þjóðarkomplexunum, en við eigum erfitt með þá tilhugsun að eitthvað geti verið stærra en við. Fátt er jafnmikið eitur í beinum íslensku þjóðarinnar og tilhugsunin um eigin smæð og ómerkilegheit (2017, bls. 19).

Kannski er nauðsynlegt að einfalda frásögnina, gefa einfalda skilgreiningu á því hverjir Íslendingar eru til að þjóðin verði til, en þá endurspeglar hún hins vegar ekki raunveruleikann, sérstaklega ef við trúum því, eins og Arnett (2002, bls. 777) bendir á, að fólk þrói með sér tvímenningarlega sjálfsmynd sem afleiðingu hnattvæðingar.

4.2 Enskumælandi alþjóðasamfélag

Á vefsíðu Hagstofu Íslands (2024) kemur fram að „á síðastliðnum 10 árum hefur fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi þrefaldast. Þann 1. janúar 2024 voru 63.528 erlendir ríkisborgarar búsettir í landinu. Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda var 16,6% samanborið við 6,6% árið 2014.“ Á sama tíma hefur ferðaþjónusta orðið ein af meginstöðum íslensks hagkerfis og þar tala ferðamenn ensku í meirihluta. Á vefsíðu Ferðamálastofu (e.d.), þar sem finna má heildarfjölda ferðamanna frá árinu 1949, segir: „Heildarfjöldi erlendra ferðamanna til Íslands var um 2,2 milljónir árið 2023, þegar allir innkomustaðir eru taldir.“ Oft nær fjöldi ferðamanna meira en helmingi íbúafjölda, sá mesti í ágúst 2018 þar sem heildarfjöldinn náði 291.344 manns (skv. vefsíðunni *Trading Economics*, e.d.). Jafnvel þótt

Íslensk tunga hafi gegnt lykilhlutverki í sjálfstæðisbaráttunni og skapað móðurmálssamfélag, þá er í dag erfitt að hugsa um Ísland sem eintyngt land. Útlendingar, ferðamenn og Íslendingar sjálfir taka þátt í alþjóðlegu málsamfélagi á Íslandi. Tvö sterk tungumál eru samhliða í notkun, en í eðli sínu er annarsmálssamfélag ekki formlega skilgreint.

Ferðamenn, skammtímainnflytjendur, löglegir eða ólöglegir innflytjendur, útlendir sérfræðingar (e. expats), innflytjendur sem vilja vera inngildir eða fólk sem vill vera hluti af tungumálamenningu landsins eða fyrsta, önnur og þriðja kynslóð innflytjenda, í ljósi þess að fjöldi einstaklinga, ekki íslenskumælandi innan landamæra hins íslenska opinbera tungumálsvæðis, nær oft meira en helmingi íbúa landsins, kemur ekki á óvart að almenn tilhneiging sé til að nota ensku. Jafnvel þótt meirihluti Íslendinga tali íslensku á milli sín, þá skipta þeir yfir á ensku um leið og fyrstu merki um að þjóðerni viðmælandans er ekki íslenskt koma í ljós; þetta á við um einstaklinga og þetta á við um hópa. Þessi „skipti“ eða „víxl“ má án efa ekki síst kenna um yfirgnæfandi meirihluta enskumælandi ferðamanna og hjálpar ekki stöðu íslensku sem opinbers tungumáls á Íslandi. Íslenska er áfram erlenda tungumálið í augum margra innflytjenda, sérstaklega þegar þeir hafa ekki aðgengi að tungumálasvæði fjölskyldunnar til að aðstoða við að æfa tungumálakunnáttu sína. Nógu oft verða "víxlin" jafnvel áður en hægt er að byrja á fyrstu orðum samtals. Þá, með því að viðurkenna að Íslendingar nota "víxlin" til að auðvelda samskipti við útlendinga en ekki af hroka sýnir það líka að margir Íslendingar hafa vel skilgreinda hugmynd um hverjir eru Íslendingar og hvernig fólk ætti að líta út og hljóma til að geta átt samtal á íslensku.

4.3 Að læra nýtt tungumál er að einhverju leyti eins og að verða barn aftur

Móðurmálið okkar, sem við lærum sem börn er fyrsta tungumálið sem við notum til að tjá okkur, sérstaklega til að tjá þarfir okkar. Það sem er átt við með „barn aftur“ er að fara aftur á þá braut sem manneskjan getur ekki tjáð sig með því að tala eða skrifa, það er að manneskjan endurskapar leiðir til að tjá sig og samband þess við heiminn, nema sem fullorðin. Hins vegar, ef við getum ímyndað okkur að ný sjálfsmynd þróist í ferli tungumálatileinkunar, þýðir það ekki að móðurmáli eða öðrum tungumálum hafi verið eytt. Það þýðir alls ekki að manneskjan missi sjálfsmynd sína og þekkingu, heldur að það sé ekki hægt að tjá þau á nýju tungumáli. Þetta stig getur verið ógnvekjandi ástand fyrir marga og það er oft þægilegra að nýta aðrar leiðir til samskipta, t.d. að nota “google translate”, ensku eða önnur tungumál, o.s.frv. Það er líka erfitt fyrir viðtakandann að finna þolinmæðina til að hlusta. Það er líka

ástæða fyrir því að aðgengi að tungumálinu og tungumálasamfélaginu er svo mikilvægur þáttur í tungumálanámi og -tileinkun. Við höfum þá yfirleitt tilhneigingu til að veita börnum aðgengi en, fullorðnir þurfa yfirleitt að búa til sitt eigið rými; fólk fer líka þannig að til að læra íslensku. Candlin (2000) bendir á í formála bókarinnar *Identity and Language Learning* eftir Norton (2000):

[F]or language learning to develop you need supportive interaction, [...] the mistake is to presume that the responsibility for such access lies individually with the learner, that he or she has ultimate control of that speculative chimera the affective filter, or to presume that access to facilitative interaction is to be granted just by knocking on the door, or that, once inside, the conditions of communicative interaction will necessarily be conducive to the development of that competence.

Það krefst mikillar fyrirhafnar að tala íslensku, jafnvel bara að heilsa og kveðja. Meira að segja skapar það stundum algjört rugl frá báðum hliðum að tala ekki ensku. Arnett (2002, bls. 777) bendir á að „young people develop a global identity that gives them a sense of belonging to a worldwide culture and includes an awareness of the events, practices, styles, and information that are part of the global culture.“ Ef það að tala ensku gefur okkur þægilega tilfinningu um að tilheyra, fjarlægir það líka einn helsta hvata til að læra nýtt tungumál. Tilfinningin um að tilheyra, sem er sköpuð með notkun ensku, fjarlægir fyrst hið óþægilega valdaójafnvægi milli útlendinga og innfæddra en dregur íslenska málnefningu niður í þögn. Norton (2000, bls. 5) vísar til þess að: „[s]econd language theorists have not adequately explored how inequitable relations of power limit the opportunities second language learners have to practice the target language outside the classroom.“ Hins vegar má líka færa rök fyrir því að vegna þess að tungumálavaldáójafnvæginu er eytt að hvati til að sigrast á ójafnvægi milli málnefninga og íslenskumálsamfélagsins hverfur líka. Það er líklega ekki hvaða tungumál við tölum sem skapar valdaójafnvægi milli fólks heldur hvernig við tölum það. Það er þá hægt að segja að við lærum tungumál til að koma á valdajafnvægi milli fólks, milli þjóða, milli samfélaga. Ef við lítum svo á að við höfum öll orðið að enskum málnefningum á Íslandi, þá kemur það ekki á óvart að þrjúgreiningin milli innfæddra, útlendinga og alþjóðlegra sé flókin. Málnefningu á Íslandi þarf ekki aðeins að læra eitt aukamál heldur þarf hann að halda á lofti, að minnsta kosti, þremur boltum. Það er þannig rétt að velta fyrir sér hvort það sé þess virði að fjárfesta í íslenskunni.

4.4 Fjárfesting og sjálfsmyndarbreyting

Norton (2000, bls. 10) velur hugtakið „fjárfesting“ (e. investment) í öðru tungumáli sem er kveikt af löngun málnemans til að öðlast táknræna og efnislega auðlind (e. symbolic and material resources). Hún útskýrir að fjárfestingin í tungumálanámi ýti undir þróun sjálfsmyndar málnema:

The notion [investment] presupposes that when language learners speak, they are not only exchanging information with target language speakers, but they are constantly organizing and reorganizing a sense of who they are and how they relate to the social world. Thus an investment in the target language is also an investment in a learner's own identity, an identity which is constantly changing across time and space (Norton, 2000, bls. 11).

Bæði Norton (2000) og Dörneyi og Ushioda (2009) eru þó sammála um að máltileinkun leiði til sjálfsmyndarbreytinga. Á sama hátt má hugsa sér að Íslendingar sem þjóð hafi farið í gegnum sjálfsmyndarbreytingu þegar þeir föðmuðu enskuna. Hvort þessi sjálfsmyndarbreyting íslensku þjóðarinnar hafi sprottið af lönguninni til að koma á jafnvægi á sambandi við alþjóðleg áhrif, heilsa fleiri ferðamönnum, eða vera hluti af alþjóðasamfélaginu, er ekki hægt að neita því að sjálfsmynd þjóðarinnar hefur breyst vegna áhrifa enskunnar.

Dörneyi og Ushioda minna okkur á, í bók sinni *Motivation, language identity and the L2 self* (2009, bls. 9), að fræðimenn á sviði annarsmálsfræða telja að erlent tungumál sé meira en bara samskiptakóði heldur mikilvægur þáttur af sjálfsmynd manna. Ef við sættum okkur við að enska sé orðin hluti af íslenskri menningu virðist Ísland vera fordæmisgefandi fyrir hugtakið þjóðleg tvímenningarleg sjálfsmynd (jafnvel þótt enska sjálfsmyndin sé ekki opinber og ekki eins sterk og íslenska hliðin). Þetta skapar sérstakt og nýtt samhengi fyrir máltileinkun þar sem innfæddir og málnemar eru ekki endilega að fara í sömu átt, annar er sá infæddi og þróar sína alþjóðlegu sjálfsmynd, hinn er alþjóðlegur og þróar nýja staðbundnu sjálfsmynd. Hugtök Gardners og Lamberts (1959) *verktengdur hvati og aðlögunartengdur hvati* (Oddný G. Sverrisdóttir, 2007, bls. 141) sem marka upphaf rannsókna á hvata í annarsmálsfræðum, hafa verið samþykkt og gagnrýnd og svo endurnýjuð, en á einn eða annan hátt eru þau enn í huga margra á þessu sviði. Með það í huga að kenningin um *aðlögunartengdan hvata* var hugsuð í samhengi við tileinkun frönsku sem annars máls í Kanada, var hugmyndin líklega byggð á þörf innflytjenda fyrir að tilheyra nýja landinu sínu. Í

Því tungumálasamhengi þar sem enska er alþjóðlegt tungumál er þörf innflytjenda fyrir að tilheyra líklega enn sú sama, en er ekki lengur bundin við að læra heimatungumálið. Með öðrum orðum, vegna vaxandi yfirráða ensku sem alþjóðlegs tungumáls og sem tungumáls internetsins, er hugtakið um *aðlögunartengdan hvata* í hinu alþjóðlega enska samfélagi ekki tengt landsvæði. Þess vegna tengist enskumálmenni ekki lengur enskumælandi löndum, en þetta fyrirbæri á þó ekki við um aðrar þjóðtungur, og þetta á líklega sérstaklega við hjá smærri þjóðum.

Hugtak Dornyeis og Ushioda (2009, bls. 29) *L2 motivational self system*, sem kalla má hvatasjálfskerfi í öðru máli á íslensku, er endurskoðun á hugtakinu hvata í öðru máli. Hugmynd hans kemur frá kenningu Carvers og félögum (1994) um mögulegt sjálf (e. possible selves). Hvatasjálfskerfið felur í sér þrjú lykilsjónarhorn: draumasjálfi (e. the *ideal L2 Self*) sem snýst um hver málmenninn vill verða í framtíðinni; væntingarsjálfi í öðru máli (e. the *ought-to L2 self*), sem er væntingin sem tengist hugmyndum um hvernig einhverjum finnst hann eða hún ætti eða ætti ekki að vera til að forðast óhagstæðar niðurstöður; og reynsluna í öðru máli (e. the *L2 learning experience*) sem er tengd því umhverfi þar sem manneskjan lærir.

Í samhengi við tvímenningarsamfélag eins og Ísland, jafnvel þótt málmenninn vilji öðlast íslenskukunnáttu, þarf hann eða hún að læra að hafa vald á mállegum samskiptum í þremur mismunandi málsamfélögum. Í fyrsta lagi í móðurmálssamfélaginu (innflytjendur eru líka innfæddir frá öðru landi), í öðru lagi í alþjóðlega-enska samfélaginu (sem Íslendingar eru hluti af), í þriðja lagi í innfædda málasamfélaginu (íslenska tungumálasamfélaginu). Varðandi væntingarsjálfið (e. ought-to L2 self) er fyrsta vænting eða þörf innflytjanda ekki endilega að læra nýtt tungumál, heldur öðlast dvalarréttindi og að finna vinnu. Svo kemur að fjölskylduáhyggjum og að þróa félagslega uppbyggingu. Reynslan í öðru máli (e. L2 learning experience) er þróuð í gegnum mismunandi svið samfélagsins, t.d. fjölskyldu, vinnu, frístundir. Nýtt tungumál lærist náttúrulega ef það fær sitt rými í gegnum þessi svið. Á Íslandi er hins vegar ljóst að íslenskan fær ekki sitt eðlilega rými í lífi innflytjenda. Það er í umsjón málmennans að skapa og finna rými fyrir íslensku sem gæti verið við hlið annarra málsamfélaga. Í grein eftir Markús Þ. Þórhallsson o. fl. (2024) um nýja skýrslu frá Efnahags- og framfarastofnun (e. OECD, Organisation for Economic Co-operation and Development) sem unnin var fyrir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið kemur fram að: „[u]m 18% innflytjenda á landinu telja sig hafa góða færni í tungumálinu samanborið við 60% að

meðaltali innan OECD.“ Líta má á þessar tölur sem sönnun þess að mjög lítið er hugað að því að innflytjendur læri íslensku, þrói íslenska sjálfsmynd og aðlögun að samfélaginu. Í kjölfar sjálfstæðisbaráttunnar sem mótaði íslensku þjóðina væri erfitt að gefa nýbúum ekki nauðsynlegt tæki: tungumálið; ef við ætlum að gefa innflytjendum aðgengi að sömu réttindum og Íslendingar á Íslandi.

Samantekt kaflans

Á 19. öld og á tímum danska heimsveldisins var talið að íslenska myndi deyja út. Sem viðbrögð við yfirráðum Dana yfir Íslandi, sáum við einnig þróun íslenskra þjóðernishreyfinga, sem kölluðust sjálfstæðisbarátta eða frelsisbarátta. Þjóðernishreyfingin leiddi til fullveldis (1918) og lýðveldis (1944) og Ísland verður sjálfstætt þjóðríki 17. júní 1944. Unga þjóðin er hins vegar að þróast undir áhrifum Bandaríkjamanna sem staddir eru á Íslandi. Íslenska þjóðin þróast með tvö tungumál, annað opinbert, íslenska, hitt sem leið til að tengjast alþjóðasamfélaginu, enska. Jafnvel þótt íslensk tunga hafi gegnt lykilhlutverki í baráttunni fyrir sjálfstæði og sameinað Íslendinga verða Íslendingar undir áhrifum Bandaríkjamanna „enskunemar“ og þróa með sér tvímenningarlega sjálfsmynd (e. bicultural identity) Arnett (2002, bls. 777).

Í dag, vegna þess að fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi hefur þrefaldast og að ferðaþjónusta hefur orðið ein af meginstoðum íslensks hagkerfis, taka útlendingar, ferðamenn og Íslendingar sjálfir þátt í alþjóðlegu málsamfélagi á Íslandi. Tvö sterk tungumál eru samhliða í notkun, en í eðli sínu er annarsmálssamfélag ekki formlega skilgreint. Tilfinningin um að tilheyra, sem er sköpuð með óformlegri notkun ensku, fjarlægir fyrst hið óþægilega valdaójafnvægi milli útlendinga og innfæddra en dregur íslenska málnemann niður í þögn. Þörf innflytjenda fyrir að tilheyra er þannig ekki sú sama og þegar Gardner og Lambert skrifuðu um verktengdan hvata og aðlögunartengdan hvata árið 1959 (eins og vísað er til hjá Oddnýju G. Sverrisdóttur, 2007, bls. 141); með öðrum orðum er þörf innflytjenda ekki lengur bundin við að læra heimatungumálið.

Í samhengi við tvímenningarsamfélag eins og Ísland, jafnvel þótt málneminn vilji öðlast íslenskukunnáttu, þarf hann eða hún að læra að hafa vald á mállegum samskiptum í þremur mismunandi málsamfélögum: Í fyrsta lagi í móðurmálssamfélagi málnema, í öðru lagi í alþjóðlega-enska samfélaginu, í þriðja lagi í innfædda málasamfélaginu. Frá og með deginum í dag er það í umsjón málnemans að skapa og finna rými fyrir íslensku sem gæti

verið við hlið annarra málsamfélaga. Að læra nýtt tungumál er hins vegar að einhverju leyti að fara aftur á þá braut þegar manneskjan getur ekki tjáð sig með því að tala eða skrifa. Þetta stig getur verið ógnvekjandi og það er ástæðan fyrir því að málneymar þurfa venjulega stuðning frá innfæddum.

Það er þannig rétt að velta fyrir sér hvort það sé þess virði að fjárfesta í íslenskunni. Norton (2000, bls. 10) útskýrir að fjárfestingin í tungumálanámi yti undir þróun sjálfsmyndar málneyma. Með hugtaki Dörnyeis og Ushioda (2009) *L2 motivational self system*, sem kalla má hvatasjálfskerfi í öðru máli, verður málvísindamaðurinn sammála um að máltileinkun leiði til sjálfsmyndarbreytinga. Þá á sama hátt má hugsa sér að Íslendingar sem þjóð hafi farið í gegnum sjálfsmyndarbreytingu þegar þeir föðmuðu enskuna sem aukamál.

Vegna notkun ensku er fyrsta vænting eða þörf innflytjanda einmitt ekki bundin við að læra heimatungumálið, heldur öðlast dvalarréttindi og að finna vinnu. Svo kemur að fjölskylduáhyggjum og að þróa félagslega uppbyggingu. Reynslan í öðru máli (e. L2 learning experience (Dörnyeis og Ushioda, 2009) er þróuð í gegnum mismunandi svið samfélagsins, t.d. fjölskyldu, vinnu, frístundir. Á Íslandi er hins vegar ljóst að íslenskan fær ekki sitt eðlilega rými í lífi innflytjenda. Það kemur þá ekki á óvart að „[u]m 18% innflytjenda á landinu telja sig hafa góða færni í tungumálinu samanborið við 60% að meðaltali innan OECD“ (skv. grein eftir Markús Þ. Þórhallsson o. fl. 2024). Þessar tölur sýna líka að mjög lítið er hugað að því að innflytjendur læri íslensku, þrói íslenska sjálfsmynd og aðlögun að samfélaginu, sem myndi gefa innflytjendum aðgengi að sömu réttindum og Íslendingar á Íslandi.

Lokaorð

Allt frá landnámi (870-874) er saga Íslands full af atburðum þar sem Íslendingar þurftu að takast á við sterkari völd. Hinn umdeildi herstöðvarsamning við Bandaríkjamenn árið 1941, rétt fyrir stofnun Lýðveldisins er líklega dæmið sem hefur enn í dag mest áberandi áhrif á íslenskt samfélag og sjálfsmynd Íslendinga.

Íslenska þjóðin þróast með tvö tungumál, annað opinbert, íslenska, hitt sem leið til að tengjast alþjóðasamfélaginu, enska. Jafnvel þótt íslensk tunga hafi gegnt lykilhlutverki í baráttunni fyrir sjálfstæði og sameinað íslensku þjóðina verða Íslendingar undir áhrifum Bandaríkjamanna, þ.e. verða „enskunemar“, og þróa með sér tvímenningarlega sjálfsmynd (e. bicultural identity) Arnett (2002, bls. 777). Í dag má velta því fyrir sér hvernig enskunotkun í landinu breytir sjálfsmynd Íslendinga, að því marki að samfélagið gæti orðið tvítyngt og þar sem íslenska á erfitt með að viðhalda stöðu sinni sem móðurmál.

Frá sjónarhóli málnema sem læra íslensku má þannig velta því fyrir sér hvort áhrif ensku kunni að vera of mikil og hvort það sé þess virði að fjárfesta tíma og orku í að læra íslensku. Ef það er upphaf að jákvæðu viðhorfi og hvata til að læra íslensku er erfitt fyrir fólk sem vill dvelja á landinu að viðhalda áhuga. Hvati varð almennt viðurkennt hugtak í rannsóknum á tileinkun annars máls á sjöunda áratugnum með grein eftir Gardner og Lambert: „Motivational Variables in Second language Acquisition“ (1959). Crookes og Schmidts (1991) og Dörnyei (1994a, 1994b) (eins og vísað er til hjá Oddnýju G. Sverrisdóttur, 2007) útskýrðu munurinn á því að læra tungumál sem annað mál á móti erlendu máli. Aðgengi að íslenska tungumálassvæðinu er hins vegar ekki sjálfsagt að því leyti að það að læra íslensku á Íslandi er næstum því eins og að læra hana sem erlent mál en ekki sem annað mál. Kenningin um sjálfsákvörðunarrétt (e. self determination theory (Deci og Ryan 1985)) undirstrikar samfelluna milli innri og ytri hvata. Þá er ljóst að Íslendingar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í því hvort tungumál þeirra er sett fram neikvætt eða jákvætt. Hins vegar virðist tilfinningin um lært hjálparleysi (Dörnyei, 2001) einkenna ferlið þegar fullorðnir læra íslensku.

Lög hafi verið sett til að setja íslensku sem opinbert tungumál. Íslenskan hefur stöðu opinbers tungumáls þjóðarinnar en þrátt fyrir lögin skapar gífurleg notkun ensku í íslensku samfélagi sérstakt samhengi, að því marki að Birna Arnbjörnsdóttir skilgreinir Ísland sem samfélagið sem faðmaði viðbótarmál—ensku („[...]embraced an additional language –

English“ (2018, bls. 31))“ . Hún bendir hins vegar á að Íslendingar ofmeti almennt enskukunnáttu sína. Ísland er í kjölfarið ekki algjörlega tvítyngt samfélag og ef erfitt er að vera án ensku er, til lengri tíma litið, erfitt að vera án þess að kunna íslensku.

Breyting á tungumálavistfræði (e. Linguistic ecology) Íslands er þá sýnileg en enska er enn að finna stöðu sína. Enska á Íslandi er notuð á flestum sviðum samfélagsins sem annað tungumál og mætir þörfum margra (t.d. í sambandi við ferðamenn). Án sérstakrar uppbyggingar eða krafna um gæði, er enska eins og villidýr án landamæra á meðan íslenskan er bundin í sínu formi og er ekki gefið nóg pláss. Í kjölfar þessarar hugmyndar virðist sem samband sé á milli formstýringar og stöðustýringar sem er í ójafnvægi. Málanemar þurfa betra aðgengi að íslenska málsamfélaginu og meira umburðarlyndi hvað varðar formstýringu, þannig að fyrir þá sé hægt að nota íslensku.

Í samhengi við að fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi þrefaldast og að ferðaþjónusta hefur orðið ein af meginstöðum íslensks hagkerfis, taka útlendingar, ferðamenn og Íslendingar sjálfir þátt í alþjóðlegu málsamfélagi á Íslandi. Óformleg notkun ensku skapar tilfinninguna um að tilheyra íslenskum samfélagi og fjarlægir fyrst hið óþægilega valdaójafnvægi milli útlendinga og innfæddra en dregur íslenska málnemann niður í þögn. Þörf innflytjenda fyrir að tilheyra er þannig ekki lengur bundin við að læra heimatungumálið, eins og þegar Gardner og Lambert (1959) skrifuðu um verktengdan hvata og aðlögunartengdan hvata.

Innflytjendur þurfa ekki endilega að læra íslensku heldur þurfa þeir að læra að hafa vald á mállegum samskiptum í þremur mismunandi málsamfélögum: Í fyrsta lagi í móðurmálssamfélagi málnema, í öðru lagi í alþjóðlega-enska samfélaginu, í þriðja lagi í innfædda málsamfélaginu. Að valdaójafnvægi sem myndast á milli fólks minnkar vegna notkun ensku er auðvitað gott, en það gerir það að verkum að innflytjendur þurfa ekki að læra tungumálið ef þeir vilja vera hluti af íslensku samfélagi. Bæði Norton (2000) og Dörneyi og Ushioda (2009) eru þó sammála um að máltileinkun leiði til sjálfsmyndarbreytinga. Frá og með deginum í dag er það í umsjón málnemans að skapa sjálfur og finna rými fyrir íslensku; með mjög litlum stuðningi frá íslensku samfélagi. Það kemur þá ekki á óvart að „[u]m 18% innflytjenda á landinu telja sig hafa góða færni í tungumálinu samanborið við 60% að meðaltali innan OECD“ (skv. grein eftir Markús Þ. Þórhallsson o. fl. 2024). Í greininni er einmitt bent á að það er í þágu útlendinga að þróa íslenskufærni sína ef þeir vilja fá aðgengi að sömu réttindum og Íslendingar á Íslandi. Það er þá fyrst og fremst í þágu Íslendinga að

efla, kynna og kenna tungumál þeirra vilji þeir varðveita það. Og þeir þurfa samt að gera þetta á jákvæðan hátt ef þeir vilja viðhalda þeim jákvæða áhuga sem útlendingar hafa á íslenskri tungu, menningu og sjálfsmynd.

Heimildaskrá

- Al-Hoorie, A. H., og MacIntyre, P. D. (ritstj.). (2020). *Contemporary language motivation theory: 60 years since Gardner and Lambert (1959)*. Multilingual Matters.
- Anderson, B. (2006). *Imagined communities: Reflections on the origin and spread of nationalism*. (Rev. and extended ed.). Verso.
- Ari Páll Kristinsson. (2017). *Málheimar – sitthvað um málstefnu og málnotkun*. Miðstöð íslenskra bókmennta.
- Arnett, J. J. (2002). The psychology of globalization. *American Psychological Association* 57(10): 774-783.
- Auður Hauksdóttir. (2014). Um dönskukunnáttu Íslendinga á nítjándu öld. *Milli Mála*.
- Ásrún Jóhannsdóttir. (2018). English exposure, and vocabulary proficiency at the onset of English instruction. Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstj.), *Language development across the life span. Educational linguistics*, vol 34. Springer, Cham. https://doi.org/10.1007/978-3-319-67804-7_3
- Birkir Blær. (2017). *(Þjóðar)sálin hans Jóns míns*. Partus.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2011). Exposure to English in Iceland: A quantitative and qualitative study. *Netla – Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <http://netla.hi.is/menntakvika201>
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2018). English exposure, proficiency and use in Iceland. Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstj.), *Language development across the life span. Educational linguistics*, vol 34. Springer, Cham. https://doi.org/10.1007/978-3-319-67804-7_3
- Candlin, C. N. (2000). General Editor's Preface. Í B. Norton (2000), *Identity and language learning. Gender, ethnicity and educational change*. Longman.
- Carver, C.C., Reynolds, S.L. og Scheier, M.F. (1994). The possible selves of optimists and pessimists. *Journal of research in personality* 28, bls. 133–141.
- Deci, E. L. og R. M. Ryan (1985). *Intrinsic motivation and self-determination in human behavior*. Plenum.
- Dörnyei, Z. (2001). *Motivational strategies in the language classroom*. Cambridge University Press.

- Dörnyei, Z. og Ushioda, E. (2009). *Motivation, language identity and the L2 self*. Blue Ridge Summit: Multilingual Matters. <https://doi.org/10.21832/9781847691293>
- Ehrt, N. (2018, 12. júlí). Ask A Linguist: Why is Icelandic such a difficult language to learn? *Reykjavík Grapevine*. <https://grapevine.is/mag/2018/07/12/ask-a-linguist-why-is-icelandic-such-a-difficult-language-to-learn/>
- Ferðamálastofa. (2024). *Heildarfjöldi erlendra ferðamanna*. <https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna>
- Gardner, R. C. (1960). *Motivational variables in second-language acquisition*. Doktorsritgerð við McGill University.
- Guðmundur Hálfánarson. (2001). *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk*. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Hagstofa Íslands. (2024). *Íbúar landsins voru 383.726 í byrjun árs 2024*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldinn-1-januar-2024/>
- Jakob Bjarnar. (2024, 22. júlí). Skerja-fjarðar-skáld skriplar á skötu en gefst ekki upp. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20242599465d/skerja-fjardar-skald-skriplar-a-skotu-en-gefst-ekki-upp>
- Kjartan G. Ottósson. (1990). *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*. Íslensk málnefnd.
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011. <https://www.althingi.is/altext/139/s/0870.html>
- Markús Þ. Þórhallsson, Höskuldur Kári Schram og Ásta Hlín Magnúsdóttir. (2024, 4. september). Efla þarf íslenskukennslu til að innflytjendur fái störf við hæfi. *Ruv.is*. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-09-04-efla-tharf-islenskukennslu-til-ad-innflytjendur-fai-storf-vid-haefi-421111>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 (2. útg. með breytingum 2015)*. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab1>
- Norton, B. (2000). *Identity and language learning. Gender, ethnicity and educational change*. Longman.
- Oddný G. Sverrisdóttir (2007). Um mikilvægi hvatatengds tungumálanáms. Þýskubíllinn skorar í tungumálanámi. Í Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (ritstj.), *Mál*

málanna – Um nám og kennslu erlendra tungumála. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Phillipson, R. (2008, 28. júní). *Lingua franca or lingua frankensteinia? English in European integration and globalisation.* *Onlinelibrary.*

<https://onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/j.1467-971X.2008.00555.x>.

Renan, E. (1882). *Qu'est-ce qu'une nation?* Í Calmann Lévy (ritstj.) *Oeuvres Completes* 1947-61. vol. I. pp. 887-906. Presse-Pocket.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (2022). Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar.

<https://www.arnastofnun.is/is/vidburdir/dagur-islenskrar-tungu-2022>

Trading Economics. (e.d.). Iceland foreign visitors.

<https://tradingeconomics.com/iceland/tourist-arrivals>